

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar

5. fundur 2025 (136. fundur)

FS ritar fundargerð

Fundur haldinn í skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar 28. ágúst 2025 kl. 08:15 í fundarsal Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum að Skógarbraut 945 á Ásbrú.

Viðstaddir:

Karl Alvarsson	formaður skipulagsnefndar
Einar Jón Pálsson	skipulagsnefnd
Margrét Lilja Margeirsdóttir	"
Vala Hrönn Viggósdóttir	"
Jón B. Guðnason	"
Björn Ingi Edvardsson	skipulagsfulltrúi
Friðfinnur Skaftason	ritari

Formaður setur fundinn og gengur til dagskrár.

1. Aðalskipulag Keflavíkurflugvallar, endurskoðun. Yfirferð athugasemda við vinnslutillögu.

Mál nr. 567/2023 í skipulagsgátt. Umsagnarfrestur er liðinn. Vinnslutillaga var í auglýsingu frá 25. júní til 20. ágúst og bárust 12 umsagnir. Frá Mílu, Náttúruverndarstofnun, Vegagerðinni – Suðursvæði, Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja, Veðurstofu Íslands, Skipulagsstofnun, Náttúrufræðistofnun, Öryggisnefnd FÍA, Kadeco - Þróunarfélagi Keflavíkurflugvallar, Landsneti, Reykjanesbæ og Suðurnesjabæ. Fram kemur að von er á athugasemdum frá Icelandair.

Farið er yfir umsagnirnar.

Afgreiðsla: Lagðar verða fram tillögur að svörum fyrir næsta fund.

2. Framkvæmdaleyfi, þotugildirur á Keflavíkurflugvelli – útgefið leyfi.

Til kynningar: Mál nr. 1041/2025 í skipulagsgátt. Fram kemur að þann 22. júlí 2025 gaf skipulagsfulltrúi út framkvæmdaleyfi vegna þotugilda í samræmi við samþykkt skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar á fundi 133, dags. 10. apríl 2025.

3. Umsagnarbeiðnir frá Suðurnesjabæ.

a. Bergvík, aðalskipulagsbreyting.

Mál nr. 1040/2025 í skipulagsgátt.

Afgreiðsla: Skipulagsnefndin gerir ekki athugasemdir við breytinguna.

b. Bergvík, nýtt deiliskipulag.

Mál nr. 1042/2025 í skipulagsgátt.

Afgreiðsla: Skipulagsnefndin gerir ekki athugasemdir við breytinguna.

c. Reykjanesbraut, Rósaselstorg, aðalskipulagsbreyting.

Mál nr. 1044/2025 í skipulagsgátt.

Afgreiðsla: Skipulagsnefndin gerir ekki athugasemdir við breytinguna. Gert verður ráð fyrir breytingunni í endurskoðuðu aðalskipulagi.

4. Fálkavöllur 13, samþykkt í B-deild stjórnartíðinda.

Til kynningar: Mál nr. 602/2025 í skipulagsgátt. Fram kom á síðasta fundi að deiliskipulagsbreytingin hafi verið auglýst í B-deild Stjórnartíðinda 16. júní s.l. Hið rétta er að auglýsingin birtist 3. júlí 2025 og tók þá gildi.

5. Norðaustursvæði, samþykkt í B-deild stjórnartíðinda.

Til kynningar: Mál nr. 604/2025 í skipulagsgátt. Fram kemur að deiliskipulagsbreytingin var auglýst í B-deild Stjórnartíðinda 31. júlí s.l. og tók þegar gildi.

6. Önnur mál.

Önnur mál eru ekki tekin fyrir.

Næsti fundur skipulagsnefndarinnar er fyrirhugaður 25. september 2025.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 9:30.

Slóð á sharepoint síðu skipulagsnefndar:

<https://isaviasky.sharepoint.com/sites/D0234/SitePages/Home.aspx>